

145. Fundur Kirkjugarðaráðs haldinn á Biskupsstofu mánudaginn 13. nóvember 2017.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins sem stýrði fundi, Smári Sigurðsson forstjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Gestur fundar var Jóhannes Finnur Halldórsson (undir lið 2).

Dagskrá fundar:

1. Fundur settur kl. 14:00 og fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Hugsanlegar breytingar á innri skiptingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða landsins. – Jóhannes Finnur Halldórsson kynnti.

Málið var rætt og frestað til næsta fundar. Þórsteini, Smára og Guðmundi Rafni var falið að taka saman tillögur fyrir næsta fund.

3. Endurforritun Hugsmiðjunnar á vefnum: gardur.is. Staða verksins – Þórsteinn Ragnarsson kynnti.

Verkið hefur orðið umfangsmeira en talið var í fyrstu en gengur vel. Kostnaður er kominn verulega fram úr áætlun. Hugsmiðjan hefur verið boðuð á fund Kirkjugarðaráðs 11. desember n.k. auk Arnfinns Róberts Einarssonar vefstjóra vefsins gardur.is og starfsmanns KGRP.

4. Yfirlit um ársreikninga kirkjugarða vegna ársins 2016.

Guðmundur Rafn mun senda reikningana í tölvupósti.

5. Önnur mál

Ársreikningur Kirkjugarðasjóðs 2016. Rekstrar- og fjárhagsáætlun sjóðsins hefur staðist.

Fundi var slitið kl. 16:00.

*Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður*

*Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari*